

Fundur stjórnar Íshokkísambands Íslands

Sunnudaginn 03. apríl 2025, klukkan 17:00

Fundarstaður: Engjavegur 6 auk Teams fjarfundar.

Mættir voru: Helgi Páll Þórisson formaður, (HP), Hilmar Leifsson (HL), Guðlaug Ingibjörg Þorsteinsdóttir (GÍÞ), Ingólfur Elíasson (IE), Sigrún Agata (SA), og Viðar Garðarsson (VG) framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð.

Fjarverandi: Arnar Sveinsson (AS), Olgeir Olgeirsson (OO), og Bergur Jónsson sem er í leyfi að eigin ósk

Í morgun barst dómur áfríunardómstóls ÍSÍ og eftir hann er ljóst að Skautafélag Reykjavíkur er að fara að keppa í úrslitum við Skautafélag Akureyrar. Stjórn ÍHÍ kom saman til þess að staðfesta keppnisdaga í úrslitum karla. Keppnisdagar er sem hér segir.

Laugardagurinn 5. Apríl 2025 – leikur 1 á Akureyri

Þriðjudagurinn 8. Apríl 2025 – leikur 2 í Laugardalnum.

Fimmtudagurinn 10. Apríl 2025 – leikur 3 á Akureyri

Laugardagurinn 12. Apríl 2025 – leikur 4 í Laugardal (ef þarf)

Þriðjudagurinn 15. Apríl 2025 – leikur 5 á Akureyri (ef þarf)

Sambandinu barst erindi frá Skautafélag Reykjavíkur íshokkídeild, þar sem liðið óskaði eftir því við ÍHÍ, að fá undanþágu samkvæmt 10 grein reglugerðar númer 9 fyrir endurskráningu og leikheimild fyrir Conor Hugh White. Að þessu sinni var þessi beiðni borin undir stjórn sambandsins og samþykkt samhljóða. Conor Hugh White verður því löglegur leikmaður á Íslandsmótinu í íshokkí með Skautafélagi Reykjavíkur eftir að ferli um staðfestingu á skuldleysi og endurútgáfa leikleyfis hefur farið fram.

Fleira ekki á dagskrá og fundi slitið

Ekki var fleira ekki tekið fyrir eftir að vinnu lauk og var fundi slitið.